



Jöklarannsóknafélag Íslands

Fréttabréf

Nr. 27

Október 1989

HAUSTFUNDUR

Haustfundur verður haldinn að Hótel Lind, Rauðarárstíg,
þriðjudaginn 31. október 1989, kl. 20:30.

Dagskrá:

1. *Fornveðurfar.* Rannsóknir á veðurfari með samsætu-mælingum á ískjörnum. - Árný E. Sveinbjörnsdóttir
2. *Kaffi.*
3. *Yfir jöklana þrjá.* Myndband úr jeppaferð þvert yfir landið frá Egilstöðum vestur í Borgarfjörð.

HAUSTFERÐIN

Haustferðin, "13. september ferðin", var farin 15. - 17. september. Lagt var af stað kl. 20:30 frá Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar og komið í Jökulheima kl. 02:00 þrátt fyrir að víða var slóðin horfin í sandfoki, stikur horfnar og veður hið versta, þoka, rok og rigning.

Þátttakendur voru 20, bæði börn og fullorðnir. Farið var í hefðbundnum tilgangi, þ.e. skoða sig um og njóta ánægjulegrar kvöldvöku í góðum félagsskap. Einnig átti að koma fyrir nýju "Vatikani", en það var flutt inn eftir fyrr um daginn. Það gamla var orðið heldur óvistlegt og illa farið vegna snjóþyngsلا og annara þyngsla. Þá var líka ætlunin að ljúka við pallinn framan við nýja skálann, setja á hann handrið, koma fyrir tröppum og klæða pallinn að framan. Gengu þessar framkvæmdir vel með góðri verkstjórn Jóns Ísdal. Nýja náðhúsið stendur á hraunsprungu um 100 m NNA frá skálanum.

Allan laugardaginn var hvassviðri af NA og sandbylur svo að lítið var hægt að skoða sig um og héldu flestir kyrru fyrir. Heldur lygnara var á sunnudeginum. Óku þá þeir sem ekki voru smiðir inn í Jökulkrók og lituðust um. Heimleiðis var haldið upp úr hádegi og komið í bæinn eftir fjögurra og hálfstíma ferð.

Hálfum mánuði seinna, laugardaginn 30. september kl. 06:00 að morgni var haldið á þrem jeppum með tvær kerrur hlaðnar stikum, sem Vegagerðin skaffaði, áleiðis í Jökulheima. Ætlunin var að hressa upp á stikurnar sem Sigurjón Rist o.fl. settu við leiðina fyrir 25 árum og bæta nýjum við ef þörf krefði. Gekk ferðin vel þrátt fyrir leiðinda veður. Austanátt var allhvöss með slyddu og rigningu og sumstaðar sandbyl. Er komið var að norðurtöglum Þóristinds var vikið af leið til vinstri og farin nokkuð bein stefna inn fyrir Vatnaöldur. Komið var aftur inn á gömlu slóðina sunnan við þar sem Vatnakvíslin fellur ofan í hraunið. Með þessari leið var farið fram hjá lægðum sem oft eru erfiðar yfirferðar á vorin vegna krappa

og styttist leiðin um 1,5 km. Inn í Jökulheima var komið laust eftir kl. 18. Á sunnudeginum var lygnara og léttara í lofti og sást þá að hvítar slæður þöktu fjöll í nágrenninu. Hreinsað var kringum húsin. Gamalt járnadrasl og tóm ílát, tunnar og brúsar fylltu báðar kerrurnar sem fluttu það burt á ruslahauga.

HAUSTFUNDUR

Haustfundur félagsins verður haldinn þriðjudaginn 31. október 1989 að Hótel Lind við Rauðarárssstíg. Þar mun Árný E. Sveinbjörnsdóttir flytja fyrirlestur sem hún nefnir *Formveðurfar - rannsóknir á veðurfari með samsætumælingum á ískjörnum*. Árný starfar við Raunvísindastofnun Háskólangs við samsætumælingar. Hún hefur verið með í vorferðum Jörfi undanfarin ár og safnað sýnum til þessara mælinga. Í fyrirlestrinum verður sagt frá hvernig hægt er að nota samsætumælingar á ískjörnum til rannsókna á veðurfari liðins tíma. Sérstaklega verður fjallað um hinar öru hitasveiflur sem urðu í lok ísaldar og nýjar hugmyndir um útbreiðslu jöklar hér á landi í ísaldarlokin.

Að loknu kaffihléi verður sýnt myndband Gunnars Jenssonar, sem var á dagskrá vorfundar síðastliðið vor, frá jeppaleiðangri sex félaga þvert yfir landið frá Egilsstöðum vestur í Borgarfjörð. Ferðin var farin um mánaðarmótin mars-apríl 1987.

ÁRSHÁTÍÐ

Hin árlega Jörfagleði verður haldin í Norðurljósum 4. nóvember n.k. kl. 20:00. Húsið opnað kl. 19:00. Formlegri árshátið lýkur kl. 00:30 en hljómsveitin mun leika fyrir dansi til kl. 03:00. Miðaverð er óvist ennþá en verður að sjálfsögðu stillt í hóf. Miðar verða til sölu á haustfundinum þann 31. október og á Rakarastofunni Dalbraut 1. Við vonum að sem flestir mæti hressir og kátir.

ÁRSHÁTÍÐ

Hin bráðskemmtilega árshátíð JÖRFI 1989,
verður haldin þann 4. nóv. n.k. í

NORDURLJÓSUM

Brautarholti 20. Húsið opnar kl. 19:00.
Borðhald hefst kl. 20:00.

Miðar verða seldir á Rakarastofunni
Dalbraut 1, sími: 686312 og á
haustfundinum.